

Sigurjón Friðbjörn Björnsson

F. 25. nóvember 1926 á Ögmundarstöðum í Skagafirði.

Foreldrar: Halldóra Friðbjörnsdóttir húsfreyja, f. 16. apríl 1886 á Hóli á Skaga, Skagafjarðarsýslu, d. 7. október 1966, og Björn Björnsson, bóndi og járnsmiður, f. 19. september 1856 í Ytri-Mjódal, Laxárdal fremri, Austur-Húnavatnssýslu, d. 14. júlí 1953.

Maki: Margrét Eybjörg Margeirsdóttir félagsráðgjafi og lengi deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, f. 27. október 1929 á Ögmundarstöðum í Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu. Þau gengu í hjónaband 19. september 1953.

Foreldrar maka: Helga Óskarsdóttir húsfreyja, f. 22. janúar 1901 á Herjólfstöðum í Laxárdal ytri, Skagafjarðarsýslu, d. 27. janúar 1998, og Margeir Jónsson, kennari fræðimaður og bóndi, f. 15. október 1889 á Ögmundarstöðum, d. 1. mars 1943.

Börn: Helga, f. 16. október 1954, Hávar, f. 3. september 1958, Björn Margeir, f. 16. júlí 1967, og Örlygur Steinn, f. 17. apríl 1970.

Námsferill:

- Stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri 1949.
- Nám í sálfræði og heimspeki við háskólana í Grenoble og París 1949-1953. Licence-és-lettres frá Sorbonne-háskóla í París 1953 með sálfræði sem aðalgrein, en félagsfræði sem aukagrein.
- Framhaldsnám við Universitetets børnepsykologiske Klinik í Kaupmannahöfn 1955-1957.
- Nám í sálgreiningu við Dansk Psykoanalytisk Selskab 1955-1960.
- Námsdvöl við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum (Visiting professor í sálfræðideild) 1979-1980.
- Námsdvöl í Aþenu, Grikklandi, haustið 1983.

Félagsaðild og fagréttindi:

- Dönsk réttindi sem sálgreinir 1960, alþjóðleg réttindi nokkrum árum síðar (International Psychoanalytical Association).
- Félagi í International Association of Child Psychiatry and Allied Professions.

Starfsferill:

- Stundakennari við gagnfræðaskólann og iðnskólann á Sauðárkróki 1947-1949, við Gagnfræðaskóla verknáms í Reykjavík 1953-1954, við unglíngadeild Miðbæjarskólans í Reykjavík 1954-1955, við Hjúkrunarskóla Íslands 1953-1955 og 1960-1971, við Húsmæðrakennaraskóla Íslands 1965-1971 og við Háskóla Íslands 1969-1971.
- Aðstoðarmaður við greindarrannsóknir dr. Matthíasar Jónassonar 1953-1955.
- Á námstíma í Kaupmannahöfn: Sálfræðingur við Red Barnets smábørnsklinik og Københavns Kommunes børneklíník for allergiske sygdomme.
- Forstöðumaður Geðverndardeildar barna í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur 1960-1966.
- Sjálfstætt starfandi sálfræðingur 1966-1971 og 1995 og síðan.
- Prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands 1971-1994.

Félagsstörf:

- Formaður Félags íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn 1957-1958.
- Stofnfélagi í Félagi íslenskra sálfræðinga og formaður þess 1963-1966.

- Formaður Skagfirðingafélagsins í Reykjavík 1963-1965.
- Í stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar 1961-1970.
- Í stjórn Geðverndarfélag 1962-1966.
- Formaður Barnaverndarfélag Reykjavíkur 1973-1985.
- Formaður stjórnarnefndar Upptökuheimilis ríkisins og skólaheimilisins í Breiðavík 1972-1979.
- Borgarfulltrúi í Reykjavík 1966-1970.
- Í Fræðsluráði Reykjavíkur 1966-1970.
- Í Félagsmálaráði Reykjavíkur 1967-1974.
- Deildarforseti heimspekideildar Háskóla Íslands 1974-1976.
- Í starfsnefnd Háskólaráðs um nýbyggingar frá 1978.
- Hefur setið í fjölda nefnda á vegum heimspekideildar, félagsvísindadeildar og háskólaráðs, m.a. í fjölda dómnefnda.
- Fulltrúi Íslands í nefnd Evrópuráðsins um "Juvenile Delinquency and Social Change" 1973-1978.
- Í sérfræðinefnd menntamálaráðuneytisins til að veita umsögn um sérfræðingsleyfi til handa sálfræðingum frá 1990.
- Í stjórn Mannfræðistofnunar Háskóla Íslands 1975-1993.

Viðurkenningar:

- Kjörinn félagi í Dansk Psykoanalytisk Selskab.
- Kjörinn félagi í Vísindafélagi Íslendinga 1978.
- Heiðursfélagi í Sálfræðingafélagi Íslands 1992.
- Heiðursfélagi í Sögufélagi Skagfirðinga.
- Heiðursforseti Hestamannafélagsins Grana.
- Riddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu 2017.
- Málþing Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands um sálgreiningu til heiðurs Sigurjóni Björnssyni 2003. Efni Ritsins. Tímarits Hugvísindastofnunar 2/2003 er að mestu byggt á málþinginu. Sjá: [Ritið : tímarit Hugvísindastofnunar - 2. tölublað: Sálgreining \(01.05.2003\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 6.7 2021.

Rannsóknir og ritstörf:

Eftirfarandi skrá er fengin úr drögum Gylfa Ásmundssonar að Sálfræðingatali og er frá Sigurjóni Björnssyni komin sem svar hans við fyrirspurn Gylfa. Skráin er frá því um árið 2000 og hefur verið bætt við frumsömdum bókum Sigurjóns og bóka- og greinapýðingum hans.

Bækur:

- Úr hugarheimi. Þættir um afbrigðilega sálarfræði. Heimskringla, 1964. Sjá frétt um útgáfuna: [Þjóðviljinn - 20. tölublað \(26.01.1965\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Leiðin til skáldskapar. Hugleiðingar um upptök og þróun skáldhneigðar Gunnars Gunnarssonar. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1964. Sjá ritdóm: [Alþýðublaðið - 120. Tölublað \(31.05.1964\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Sálarfræði I. Hlaðbúð, 1973; 2. útg. 1980.
- Sálarfræði II. Hlaðbúð, 1975; 2. útg. 1985.

- Explorations in Social Inequality (ásamt W. Edelstein og K. Kreppner), Berlin, 1977.
- Börn í Reykjavík. Iðunn, 1980.
- Sálkönnun og sállækningar. Hið íslenska bókmenntafélag, 1983. Sjá kynningu útgefanda: [Sálkönnun og sállækningar – Hið íslenska bókmenntafélag \(hib.is\)](#). Sótt 9.7 2021.
- Jóhannes Geir. Ævi og listferill (ásamt Aðalsteini Ingólfssyni). Listasafn ASÍ og Lögberg, 1985.
- Formgerðir vitsmunalífsins. Kenningar J. Piaget um vitsmunaproskann. Háskólaútgáfan, 1989, Hið íslenska bókmenntafélag, 1992. Sjá ritdóm: [Kenningar Jean Piagets um vitsmunaproskann Bækur Sigrún Aðalbjarnardóttir \(mbl.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Reiðleiðir um Ísland. Skrudda, 2000. Sjá ritdóm: [Morgunblaðið - 289. tölublað \(15.12.2000\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Skaginn og Skagaheiði. Skrudda, 2005. Sjá ritdóm: [Yfirreið um Skaga \(mbl.is\)](#). Sótt 8.7 2021.

Útgáfa:

- Aringlæður eftir Jón Jónsson Skagfirðing, Reykjavík 1963. (ásamt Hannesi Péturssyni). Sjá kynningu: [Jón Jónsson Skagfirðingur | BRAGI \(arnastofnun.is\)](#). Sótt 8.7 2021.

Bókarkaflar:

- Taugaveiklun. Í: *Erfið börn* (ritstj. Matthías Jónasson), 1959. Sjá ritdóm, m.a. um bókarkafla Sigurjóns: [Menntamál - 1. Tölublað \(01.04.1960\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Klínísk sálarfræði. Í: *Vísindin efla alla dáð* (ritstj. Kristján Eldjárn), 1961. Sjá frétt um útgáfuna: [Morgunblaðið - 226. tölublað \(06.10.1961\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Foreldrar og barnaupveldi. Í: *Fjölskyldan og hjónabandið* (ritstjóri Hannes Jónsson), 1963.
- Börn þarfnast ástúðar. Í: *Uppeldi ungra barna* (ritstj. Matthías Jónasson), 1969.
- Miljðets betydning for intelligensutviklingen. Í: *Indlæring i førskolealderen*, Oslo, 1973.
- Þróun tilfinningalífsins. Í: *Persónuleiki skólubarnsins* (ritstj. Matthías Jónasson), 1974.
- Heiðin. Í: *Fólk og fróðleikur*. Afmælisrit til Kristmundar Bjarnasonar, 1979.
- Epidemiological Investigations of Mental Health; Educational Attainment and Social Development of Children and Young People in Reykjavík, Iceland. Í: *Prospective Longitudinal Research* (ritstj. Mednick og Baert). Oxford University Press, 1981.
- Námsárangur barna í Reykjavík (ásamt Þórólfi Þórlindssyni). Í: *Athöfn og orð*. Afmælisrit helgað Matthías Jónassyni (ritstj. Sigurjón Björnsson), Mál og menning, 1983.
- Einkenni sálræns sjúkleika hjá börnum eftir aldri og kyni. Í: *Gefið og þegið*. Afmælisrit: Broddi Jóhannesson (ritstj. Þuríður J. Kristjánsdóttir), 1987.
- Margeir Jónsson. Ævi og starfsferill. Í: *Margeir Jónsson. Heimur horfins tíma*. Sögufélag Skagfirðinga, 1989.
- Melgrasskúfurinn harði. Í: *Yrkja*. Afmælisrit til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur, forseta Íslands, 1990.
- Sálræn vandamál barna og unglunga. Í: *Sálfræðibókin* (ritstj. Hörður Þorgilsson og Jakob Smári), Mál og menning, 1993.

- Hvað er sálkönnun? Í: *Sálfræðibókin*, 1993.
- Myndir úr hugskoti. Í: *Grasahnoss. Minningarrit um hjónin Rögnu Ólafsdóttur (1944-2011) og Ögmund Helgason (1944-2006)*. Sögufélag Skagfirðinga, 2004. Sjá: [Sögufélag Skagfirðinga gefur út Grasahnoss | Feykir.is](#). Sótt 6.7 2021.
- Hugleiðingar um Brimhendu Gunnars Gunnarssonar. Í: *Skorrdæla. Gefin út í minningu Sveins Skorra Höskuldssonar*. Ritstjórar: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Matthías Viðar Sæmundsson. Háskólaútgáfan, 2004. Sjá: [Í minningu Sveins Skorra \(mbl.is\)](#). Sótt 6.7 2021.
- Einkahagir og manngerð Brynjólfs Sveinssonar biskups. Í: *Brynjólfur biskup. Kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld. Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfs Sveinssonar 14. september 2005*. Ritstjórar: Jón Pálsson, Sigurður Pétursson og Torfi H. Tulinius. Háskólaútgáfan, 2006. Sjá: [524223092.pdf \(gbv.de\)](#). Sótt 6.7 2021.

Greinar:

- Opið land – lokuð menning. *Tímarit Máls og menningar*, 1954. Sjá: [Tímarit Máls og menningar - 1. tölublað \(01.03.1954\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Unglingafræðsla. *Heimili og skóli*, 1955.
- Sállækning barna I-IV. *Menntamál*, 1956-1957. Sjá: [Menntamál - 2. Tölublað \(01.12.1956\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Móðir og barn. *Hjúkrunarkvennablaðið*, 1958. Sjá: [Hjúkrunarkvennablaðið - 2. tölublað \(01.07.1958\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Geðvernd barna og unglunga I-II. Erindi flutt á Uppeldismálapingi 12. og 13. júní 1959. *Menntamál*, 1959-1960. Sjá: [Menntamál - 3. Tölublað \(01.12.1959\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Um geðvernd barna. Útvarpserindi flutt 21. október. *Vísir*, 1960. Sjá: [Vísir - 270. Tölublað \(28.11.1960\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Freud og Jung. *Andvari* 1961. Sjá: [Andvari - 2. Tölublað \(01.08.1961\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Gildi dagheimila og leikskóla. *Sumardagurinn fyrsti*, 1961.
- Sálfræðileg próf (test). *Menntamál*, 1962. Sjá: [Menntamál - 3. Tölublað \(01.12.1962\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Andinn og efnið. *Morgunblaðið*, 1962. Sjá: [Morgunblaðið - 266. tölublað \(27.11.1962\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Mentalhygienisk arbete bland barn på Island. *Psykisk Hälsa*, 1962.
- Kynfræðsla barna. *Úrval*, 1962. Sjá:
- Að tala við börn. *Heilsuvernd* 1962.
- Hjátrú og hugsýki. *Almanak Þjóðvinafélagsins*, 1963.
- Öndungarnir og velferðarmálin. *Morgunblaðið*, 1963. Sjá: [Morgunblaðið - 21. tölublað \(26.01.1963\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Taugaveiklun hjá börnum. *Ljósmæðrablaðið*, 1966. Sjá: [Ljósmæðrablaðið - 3. tölublað \(01.07.1966\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#)
- Hlutdeild skólans í námi og starfsvali unglunga. Erindi flutt á starfsfræðslunámskeiði 14. september 1966. *Menntamál*, 1966. Sjá: [Menntamál - 3. Tölublað \(01.12.1966\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.

- Sálfræðilegar bókmenntaskýringar. *Lesbók Morgunblaðsins*, 1966. Sjá: [Lesbók Morgunblaðsins - 4. tölublað \(30.01.1966\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#) (fyrrri hluti) og [Lesbók Morgunblaðsins - 5. tölublað \(06.02.1966\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#) (seinni hluti). Sótt 7.7 2021.
- Sálræn vandamál heyrnardaufra barna. *Heimili og skóli*, 1967.
- Vistheimili fyrir ungbörn. *Réttur*, 1967. Sjá: [Réttur - 1. Hefti - Megintexti \(01.01.1967\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Áfengisvandamál á Íslandi. *Samvinnan*, 1968. Sjá: [Samvinnan - 5. Tölublað \(01.10.1968\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Skíðastaðaaætt. *Skagfirðingabók*, 1968. Sjá: [Skagfirðingabók - 1. tölublað \(01.01.1968\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Jón Gottskálksson Skagamannaskáld. *Skagfirðingabók*, 1969. Sjá: [Skagfirðingabók - 1. tölublað \(01.01.1969\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Síðasta aftaka í Skagafirði. *Skagfirðingabók*, 1970. Sjá: [Skagfirðingabók - 1. tölublað \(01.01.1970\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Geðræn veiklun hjá börnum og unglingum í Reykjavík. *Kvarnarsteinn*, 1971.
- Uppeldishlutverk foreldra. *Samvinnan*, 1972. Sjá: [Samvinnan - 1. Tölublað \(01.02.1972\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Áhrif umhverfis á greindarþroska barna. *Menntamál*, 1972. Sjá: [Menntamál - 3. Tölublað \(01.06.1972\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Enuresis in Childhood. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 1973. Sjá: [Enuresis in Childhood: Its incidence and association with intelligence, emotional disorder, and some social and educational variables: Scandinavian Journal of Educational Research: Vol 17, No 1 \(tandfonline.com\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Vistheimili ríkisins fyrir unglinga. *Þjóðviljinn*, 1973.
- Slíkt þjóðfélag er hættulegt öllum unglingum. *Þjóðviljinn*, 2.3 1974 (viðtal). Sjá: [Þjóðviljinn - 68. tölublað \(22.03.1974\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 30.7 2021.
- Lífir fóstrið í lokuðum heimi? *Foreldrablaðið*, 1974. Sjá: [Foreldrablaðið - 1. tölublað \(01.01.1974\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Epidemiological Investigation of Mental Disorders of Children in Reykjavik, Iceland. *Scandinavian Journal of Psychology*, 1974. Sjá: [Scopus - Document details - Epidemiological investigation of mental disorders of children in Reykjavík, Iceland](#). Sótt 7.7 2021.
- Mental Disorders in Icelandic Children. *International Mental Health Research Newsletter*, 1975. Sjá: [Mental Disorders in Icelandic Children. International... - Google Scholar](#). Sótt 7.7 2021.
- Þróun siðgæðiskenndar. *Samvinnan*, 1976. Sjá: [Samvinnan - 2. Tölublað \(01.04.1976\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#) (fyrrri hluti) og [Samvinnan - 3. Tölublað \(01.05.1976\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#) (seinni hluti). Sótt 7.7 2021.
- Síra Helgi Konráðsson 1902-1959. *Safnamál*, 1977, bls. 10-17. Sjá: [safna_1_minna.pdf \(skagafjordur.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Af Stefáni Sveinssyni. *Skagfirðingabók*, 1978. Sjá: [Skagfirðingabók - 1. tölublað \(01.01.1977\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Longitudinal Research Project on Icelandic Children. *Transnational Mental Health Research Newsletter*, 1979.

- Some Determinants of Scholastic Performance in Urban Iceland (ásamt Þórólfi Þórlindssyni). *Scandinavian Journal of Educational Research*, 1979. Sjá: [• Some Determinants of Scholastic Performance in... - Google Scholar](#). Sótt 7.7 2021.
- Presentation av langtidsproject om børn og unge i Reykjavik Presentation av langtidsproject om børn og unge i Reykjavik. *Nordisk Psykologi*, 1980. Sjá: [PRESENTATION AV LANGTIDSPROJEKT OM BARN OCH UNGDOM I REYKJAVIK: Nordisk Psykologi: Vol 32, No 2 \(tandfonline.com\)](#). Sótt 30.7 2021.
- Maðurinn og trúin. *Orðið*, 1982.
- Áin sem hvarf. *Skagfirðingabók*, 1982. Sjá: [Skagfirðingabók - 1. tölublað \(01.01.1982\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Forspárgildi geðheilsuástands hjá börnum og unglíngum um geðheilsu á fullorðinsaldri. *Læknablaðið*, 1983. Sjá: [Læknablaðið : fylgirit - 17. fylgirit \(01.12.1983\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Einkenni sálræns sjúkleika hjá börnum eftir aldri og kyni. Í: *Gefið og þegið*. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum. Reykjavík. Iðunn, 1987. Ritstjóri Þuríður J. Kristjánsdóttir. Bls. 355-365.
- Lífernislíst og lítið eitt fleira. *Andvari*, 1987. Sjá: [Andvari - 1. Tölublað \(01.01.1987\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 9.7 2021.
- Samröðun einkenna um sálrænan sjúkleika hjá börnum og unglíngum í Reykjavík og tengsl þeirra við uppeldislega og félagslega áhrifaþætti. *Uppeldi og menntun*. Tímarit Kennaraháskóla Íslands, 1992. Ritið er tileinkað Jónasi Pálssyni fv. rektor KHÍ. Sjá: [Uppeldi og menntun - 1. hefti \(01.01.1992\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Sigmund Freud og trúarlífið. *Ritið: 2/2003*. *Tímarit Hugvísindastofnunar*. *Sálgreining*. Bls. 73-91. Sjá: [Ritið : tímarit Hugvísindastofnunar - 2. tölublað: Sálgreining \(01.05.2003\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 6.7 2021.
- Freud og syndin. *Glíman*. *Óháð tímarit um guðfræði og samfélag*, 3/2006. Bls. 219-227.

Stuttir þættir um uppeldi og sálfræði:

- Fimm þættir í *Heimili og skóla*, 1962.
- Tíu þættir í *Vísi*, 1963.
- Fjórir þættir um sálsýkisfræði barna í *Heimili og skóla*, 1963-1964.
- Tíu þættir í *Lesbók Morgunblaðsins* (Blöð úr þrætubók), 1976-1977.
- 63 þættir um sálfræði í *Morgunblaðinu*, 1988-1992.

Ritdómar: Á fjórða hundrað ritdómar í ýmsum tímaritum og blöðum, flestir í *Morgunblaðinu*.

Þýðingar:

- Aristóteles: *Um sálina* (Peri Psyche). Íslensk þýðing úr frummáli með inngangi og skýringum. Hið íslenska bókmenntafélag, 1985. Sjá kynningu: [Skoða bók - HBS.is](#). Sótt 9.7 2021.
- Sigmund Freud: *Undir oki siðmenningar*, ásamt inngangi og skýringum. Hið íslenska bókmenntafélag, 1990. Sjá ritdóm: [Sálarlíf og menning Bókmenntir Guðmundur Heiðar Frímannsson Sigmund Freud: Undir \(mbl.is\)](#). Sótt 9.7 2021.
- Sigmund Freud: *Blekking trúarinnar*. Íslensk þýðing á tveimur ritgerðum ásamt inngangi og skýringum. Hið íslenska bókmenntafélag, 1993. Sjá kynningu: [Nýjar bækur Út er komin bókin Blekking trúarinnar eftir Sigmund Freud í þýðingu \(mbl.is\)](#). Sótt 9.7 2021.

- Sigmund Freud: *Inngangsfyrirlestrar um sálkönnun*, fyrri bindi 1995, síðara bindi 1996. Hið íslenska bókmenntafélag. Sjá ritdóm: [Morgunblaðið - 291. tölublað \(19.12.1996\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 9.7 2021.
- Sigmund Freud: *Nýir inngangsfyrirlestrar um sálkönnun*. Hið íslenska bókmenntafélag, 1997. Sjá kynningu: [Nýjar bækur NÝIR inngangsfyrirlestrar um \(mbl.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Sigmund Freud: *Draumar og hugvilla*. Hið íslenska bókmenntafélag, 2000. Sjá ritdóm: [Morgunblaðið - 24. tölublað \(30.01.2001\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Sigmund Freud: *Listir og listamenn*. Hið íslenska bókmenntafélag, 2004. Sjá umfjöllun: [Sigmund Freud á íslensku \(mbl.is\)](#). Sótt 9.7 2021.
- Sigmund Freud: *Sjúkrasögur*. Hið íslenska bókmenntafélag, 2004. Sjá umfjöllun: [Sigmund Freud á íslensku \(mbl.is\)](#). Sótt 9.7 2021.
- Sigmund Freud: *Tótem og tabú*. Hið íslenska bókmenntafélag, 2005. Sjá umfjöllun: [Sigmund Freud á íslensku \(mbl.is\)](#). Sótt 9.7 2021.
- Þúkýdídes: *Saga Pelópseyjarstríðsins*. Sögufélag, 2014. Sjá: [Saga Pelópseyjarstríðsins – Forlagið bókabúð \(forlagid.is\)](#). Sótt 6.7 2021.
- Xenófon: *Helleníka*. Sögufélag, 2015. Sjá: [Helleníka – Sogufelag](#). Sótt 6.7 2021.
- Stefan Zweig: *Erasmus. Upphefð og andstreymi*. Skrudda, 2015. Sjá: [Erasmus. Upphefð og andstreymi – Skrudda](#). Sótt 6.7 2021.
- Stefan Zweig: *Balzac*. Skrudda 2016. Sjá m.a.: [Meistaraleg ævisaga - DV](#). Sótt 6.7 2021.
- Honoré de Balzac: *Faðir Goriot*. Skrudda, 2011. Sjá: [Faðir Goriot – Forlagið bókabúð \(forlagid.is\)](#). Sótt 6.7 2021.
- Honoré de Balzac: *Evgenía Grandet*. Skrudda, 2018. Sjá: [Evgenía Grandet – Forlagið bókabúð \(forlagid.is\)](#). Sótt 6.7 2021.
- Honoré de Balzac: *Svarti sauðurinn*. Skrudda, 2019. Sjá: [Svarti sauðurinn – Forlagið bókabúð \(forlagid.is\)](#). Sótt 6.7 6.7 2021.
- Honoré de Balzac: *Brostnar væntingar*. Skrudda, 2020. Sjá: [Brostnar væntingar – Forlagið bókabúð \(forlagid.is\) og Þrælskemmtilegur Balzac loksins á íslensku | RÚV \(ruv.is\)](#). Sótt 6.7 2021.
- Honoré de Balzac: *Cesar Birotteau*. Skrudda, 2021.
- Sigmund Freud: Dostojevskí og föðurmorðið. Í: *Tímarit Máls og menningar*, 68. árg., 2007, bls. 88-102. Sjá: [Tímarit Máls og menningar - 2. tölublað \(01.05.2007\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 7.7 2021.
- Sigmund Freud: Neitun. *Ritið, 1. tbl., 21. árg., 2021*, bls. 157-161. Sjá: [View of Neitun \(hi.is\)](#). Sótt 7.7 2021.

Ritstjórn:

- Skagfirðingabók, 1.-6. árg. (1966-1975). Í ritstjórn.
- Athöfn og orð. Afmælisrit helgað Matthíasi Jónassyni áttæðum. Mál og menning, 1983. Ritstjóri.
- Gefið og þegið. Afmælisrit. Broddi Jóhannesson. Iðunn, 1987. Í ritstjórn.
- Tímarit Háskóla Íslands, 1.-6. árg. (1986-1993). Ritstjóri.

Annað: Ýmsir bæklingar og hefti í fjölríti. Fjöldi fyrirlestra á Íslandi og erlendis.

Viðtöl:

- Viðtal við Sigurjón um upphaf og starf Geðverndardeildar barna í tilefni af málstofu barna- og unglíngageðlækna á Læknadögum 2020 þar sem minnst var 50 ára afmælis BUGL Barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans. (myndband) Sjá: [Watch | Facebook](#). Sótt 7.7 2021.
- Viðtal við Sigurjón um þýðingarstörf hans (myndband): Sjá: [Níræður öldungur þýðir heimsbókmenntir | RÚV \(ruv.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Með Freud á hraðbergi. Viðtal við Sigurjón um þýðingar hans á verkum Sigmund Freud. Sjá: [Lesbók Morgunblaðsins - 14. desember \(14.12.2002\) - Tímarit.is \(timarit.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Freud stóra nafnið í mannlegum greinum. Viðtal við Sigurjón um Freud. Sjá: [Freud stóra nafnið í mannlegu greinunum \(mbl.is\)](#). Sótt 8.7 2021.
- Viðtöl Ásgeirs Sigurgestssonar og Jóns B. Björnssonar við Sigurjón 17.5 2015 og 28.11 2019. Uppskrift í vörslu Sálfræðingafélags Íslands.

Heimildir:

Björn Björnsson í Íslendingabók. Sótt 13.12 2019.

Margrét Eybjörg Margeirsdóttir í Íslendingabók. Sótt 13.12 2019.

Margeir Jónsson í Íslendingabók. Sótt 16.12 2019.

Drög Gylfa Ásmundssonar að Sálfræðingatali.



Íslenskir samtíðarmenn, síðara bindi K – Ö, viðbætur (ritstj. Jón Guðnason og Pétur Haraldsson), bls. 232-233. Bókaútgáfan samtíðarmenn, 1967.

Samtíðarmenn. Upplýsingar um ævi og störf tvö þúsund Íslendinga (ritstj. Vilhelm G. Kristinsson). Vaka-Helgafell 1993.

Samtíðarmenn. Ævi og störf kunnra Íslendinga, J-Ö (ritstj. Pétur Ástvaldsson), bls. 752. Vaka-Helgafell, 2003.

Vefsíða Hins íslenska bókmenntafélags: www.hib.is. Sótt 17.12 2019.

Vefsíða Skrudda: www.skrudda.is. Sótt 17.12 2019.



„Það tekur mörg ár að afla nýjum viðhorfum fylgis“. Viðtal við prófessor Sigurjón Björnsson í Fréttabréfi Sálfræðingafélags Íslands, 4. tbl., 7. árg., október 1985.

Í ritnefnd voru Einar Gylfi Jónsson, Jóhann Thoroddsen og Oddi Erlingsson (ábm.).

8

„Það tekur mörg ár að afla nýjum viðhorfum fylgis”
- Viðtal við prófessor Sigurjón -



Prófessor Sigurjón Björnsson, sálfræðingur, lauk námi frá Parísarháskóla 1953 og hvarf þaðan til náms í Kaupmannahöfn og lagði þar stund á klíniska barnasálfræði og sálgreiningu. Frá 1960 til 1967 veitti hann forstöðu Geðverndardeild barna sem rekin var af Heilsumverndarstöð Reykjavíkur. Hann átti sæti í borgarstjórn 1966 til 1970, sat í félagsmálaráði frá stofnun þess 1967 til 1974 og hefur verið prófessor í sálarfræði við Háskóla Íslands frá 1971. Einnig hefur hann lagt stund á rannsóknir og ritstörf.

Ritnefnd Fréttabréfs S.Í. heimsótti Sigurjón á skrifstofu hans í Odda, hugvísindahúsi Háskóla Íslands, einn fagran morgun nú í haust. Tilgangurinn var að fræðast um störf Sigurjóns sem sálfræðings og einkum framlag hans til geðverndarmála barna. Eftir að við þrír fyrrverandi lærisveinar hans höfðum komið okkur þægilega fyrir og rifjað upp gömul kynni, settum við okkur í blaðamannastellingarnar og vildum fyrst fræðast um Kaupmannahafnarár Sigurjóns :

- Þegar ég hafði lokið mínum prófum í París var að fara í gang umræða um stofnun geðverndardeildar fyrir börn í Reykjavík. Það má segja að ég hafi fengið óformlegt vilyrði fyrir því, að aflaði ég mér reynslu í klínískri barnasálfræði mætti ég eiga von á að fá starf á þessu sviði þegar ég kæmi heim. Fra 1955 til 1957 lagði ég stund á klíniska barnasálfræði við Universitets Börnepyskologiske Klinik í Kaupmannahöfn. Jafnframt því námi lagði ég stund á sálgreiningu en vann svo frá 1957 á ýmsum stofnunum, eins og t.d. praktíkant á ríkisspítalanum í Khöfn, starfaði á ofnæmisklíník fyrir börn og um tíma í hálfu starfi á klíník sem rekin er af Red-Barnet-samtökunum. Á þessum árum voru ríkjandi mjög dynamísk viðhorf

í sálarfræðinni og heillaðist ég mjög af þessum kenningum.

HVER VAR STAÐAN Í GEÐVERNDARMÁLUM BARNNA ÞEGAR ÞÚ KOMST 1960 ?

- Stofnun Geðverndarstöðvar barna í Reykjavík var fyrsta skipulega geðverndarstarfsemi fyrir börn að hálfu hins opinbera. Ýmsir aðrir höfðu þó sinnt þessum málum fram að þeim tíma. Til dæmis hafði dr. Matthías Jónasson séð mikið af börnum í sínum einkapraxís og veitt ráðleggingar og leiðbeint í um 15 ár. Dr. Símon Jóhann Ágústsson var ráðgjafi barnaverndarráðs í mörg ár og hafði þar afskipti af málefnum einstakra barna. Á sjötta áratugnum voru miklar umræður um hlutverk skólans. Deilt var um hvort skólinn ætti einungis að vera fræðslustofnun eða hvort hann ætti líka að sinna uppeldismálum. Fyrir marga var uppeldisþátturinn mjög framandi hugmynd. Á þessum árum er fyrst farið að tala um tauga-veiklun og geðræna erfiðleika hjá börnum. Þetta var nýtt tungumál þar sem áður var talað um að börnin væru einfaldlega óþekkt, illa uppalin eða bara veik. Það að börnum liði illa eða væru sein fyrir áhrif uppeldis eða umhverfis og þyrfti að meðhöndla af sérfræðingi var framandi. Að fara til sálfræðings var mikið mál.

ÞÚ VARÐST FORSTÖÐUMAÐUR GEÐVERNDARDEILDAR BARNNA 1960. VAR ÞAÐ EKKI ÓEÐLILEGT Á ÞESSUM TÍMA AÐ SÁLFRÆÐINGUR VEITTI SLÍKRI STOFNUN FORSTÖÐU ?

- Það var eðlilegt þar sem enginn barnageðlæknir var til í landinu, en það gekk ekki alveg átakalaust. Fljótlega fór að heyrast kurr frá læknum. Læknafélagið setti sérstaklega fyrir sig að ólæknis-lærður maður væri yfirmaður lækna og vildu blokkera læknastöðurnar, - en svo varð ekkert úr því. Læknum þótti ekki gott að deild á heilsugæslustöð hefði yfirmann sem ekki væri læknir. Það starf sem við unnum var kallað lækningar. Þeir læknar sem lengst unnu með mér, þeir Jakob Jónasson og Halldór Hansen, settu þetta aldrei neitt fyrir sig og samstarf við þá var alla tíð mjög gott. Auk þess störfuðu á deildinni tveir félagsráðgjafar og tveir til þrjár sálfræðingar.

HVERNIG GEKK STARFIÐ Á DEILDINNI ?

- Þetta var skemmtileg vinna og mikill eldmóður í okkur. Þetta var nýtt svið og við höfðum það á tilfinningunni að við værum að brjóta ísinn. Sjálf starfið gekk vel og ég tel að við höfum náð góðum árangri. Til eru skýrslur um þau eitt þúsund börn sem við

höfðum afskipti af á sjö árum. Til dæmis höfðum við reglulega "case-fundi" þar sem samstarfsaðilar úr ýmsum áttum komu saman. T.d. sátu barnalæknar iðulega á slíkum fundum. Við vildum ekki líta á Geðverndardeildina eingöngu sem lækningastöð, heldur vildum við einnig sinna uppeldisfræðilegri ráðgjafarþjónustu. Sá þáttur í starfinu fór alltaf vaxandi. Árið 1960 tók Sálfræðideild skóla til starfa með Jónas Pálsson sem forstöðumann. Við þá deild var alla tíð mjög gott samstarf og ljóst varð er á leið að auka þyrfti þetta samstarf þar sem hlutverk okkar voru mjög á móta, við með forskólabörn og skólabörn einnig og Sálfræðideildin með skólaaldurinn. Ég var hlynntur því að sameina þessa starfsþætti, en niðurstaðan varð önnur.

SVO SASTU Í BORGARSTJÓRN ÁRIN 1966 - 1970 ?

- Já, það þótti nú hálfgerð reglubrot þegar ég fór út í pólitíkina. Ýmsir kollegar mínir hneyksluðust á mér og skildu ekkert í mér að leggjast svona lágt. Þá var viðhorfið að fagmenn ættu að halda sig frá pólitík og vera á sínum vinnustað. Síðar breyttist þetta viðhorf allrösklega. Þegar ég kom heim var ég mjög upptekinn af klínískum viðhorfum, en reynsla mín í starfi varð til þess að ég fór að gefa félagslegum aðstæðum meiri gaum. Það má segja að ég hafi þróast frá Freud til Erikson. Mer fannst að þessi viðhorf þyrftu að heyrast í borgarstjórn.

HVERNIG GEKK AÐ KOMA ÞESSUM VIÐHORFUM TIL SKILA ?

- Sú stefna sem var ríkjandi á þessum tíma í uppeldis- og barnaverndarmálum var mjög í andstöðu við þær hugmyndir sem ég hafði kynnst í Kaupmannahöfn. Ég lenti fljótt í harðri andstöðu við meirihluta borgarstjórnar vegna skoðana minna. Það keyrði um þverbak þegar málefni vöggustofu Thorvaldsensfélagsins bar á góma. Vöggustofan hafði lengi verið okkur á Geðverndardeild barna þyrnir í augum þar sem við urðum þess vör að börn þaðan sýndu ýmis geðræn einkenni sem augljóslega mátti rekja til dvalarinnar þar. Rannsóknir Bowlby's á áhrifum stofnanavistar á börn höfðu vakið mikla athygli og haft mikil áhrif á Danmörku og vöggustofan var skólabókardæmi um hvernig slík stofnun ætti ekki að vera. Á þessum tíma var til-
tölulega lítið um fóstur á einkaheimilum, stofnanirnar voru mjög stórar, - vöggustofan fyrir yngri börnin og Silungapollur fyrir þau eldri. Starfsfólk var yfirleitt ómenntað og entist mjög stutt í starfi. "Uppeldisviðhorfið" gekk út á það að halda öllu "steriliseruðu". Þessu mótmælti ég kröftuglega. Þetta þóttu mjög öfgakenndar hugmyndir en þykir í dag sjálfsagður hlutur. Það er hægt að draga af þessu þann lærdóm að það tekur mörg ár að koma nýjum hugmyndum í gegn.

VAR ÞETTA STÓRMÁL ?

- Já, þetta var mikið rætt í bænnum og ég var talinn ákaflega óréttlátur maður. Gagnrýni mín var mjög erfið fyrir Thorvaldsensfélagið sem taldi sig hafa starfað í réttum anda. Barnalæknar Landspítalans tóku þetta mjög óstínt upp því stofnunin heyrði faglega undir þá. Vissulega hafði ég mína stuðningsmenn í þessu máli, en kannski hef ég farið of geyst. Þetta leiddi til þess að mér fannst ég neyddur til að segja af mér sem forstöðumaður Geðverndardeildar barna 1967. Ég hafði lent í hörðum deilum við þáverandi borgarstjóra, Geir Hallgrímsson, og fannst óhugsandi að starfa sem undirmaður hans við þessar kringumstæður.

TELUR ÞÚ AÐ ÞESSI ÁTÖK HAFI HAFT EINHVER ÁHRIF ?

- Ekki þau ein sér. Það má segja að tíðarandinn hafi kallað á aukna áherslu á félagsleg viðhorf. Sem dæmi má benda á skýrslu sem dr. Björn Björnsson skrifaði fyrir borgarstjórnarmeirihlutann um svipað leyti. Í skýrslunni skrifaði hann um stöðu barnaverndarmála í Bretlandi og kom með tillögur til úrbóta sem voru mjög í anda minna sjónarmiða. Upp úr þessu var félagsmálaráð stofnað (1967), langtímavistanir á stofnunum lögðust að miklu leyti niður og miklar breytingar voru gerðar á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

SAST ÞÚ Í NEFNDUM Á VEGUM BORGARINNAR ?

- Ég sat í félagsmálaráði frá því að það var stofnað til 1974. Þar var mjög anægjulegt að vinna, þar var unnið mjög faglega og lítið um pólitískar sviptingar. Einnig sat ég í fræðsluráði, en þá voru skólabyggingar mikið á dagskrá, enda ný hverfi að byggjast upp. Ég var eindreginn talsmaður einsetinna skóla, en þá voru skoðanir skiptar um það mál. Sumir töldu það dýrt og illframkvæmanlegt, en í dag er þetta viðtekin skoðun.

HVER URÐU SÍÐAN AFDRIF GEÐVERNDARDEILDARINNAR ?

- Um þær mundir sem ég hætti kom fyrsti barnageðlæknirinn, Páll Ásgeirsson, til landsins og tók nokkurn veginn við mínu starfi. Um leið varð strúktúrbreyting; Geðdeild barnaspítala Hringins tók til starfa 1970 og skyldi þjóna öllu landinu. Þar var frá byrjun starfrækt göngudeild og síðar innlagningardeild og dagdeild.

12

VARST ÞÚ SÁTTUR VIÐ ÞESSA STRÚKTÚRBREYTINGU?

- Nei, upphaflega hugmyndin var nú önnur. Barnaverndarfélag Reykjavíkur undir forystu Matthíasar Jónassonar hafði stofnað sjóð til að koma innlagningardeild á fót. Hún skyldi rekin sem neyðarúrræði í tengslum við Geðverndardeildina. Þar áttu að vera tiltölulega fá pláss fyrir þau börn sem þyrftu innlagnar við svo göngudeildin gæti sinnt þeim. Það var alltaf eitt og eitt barn sem var það illa stadd að það þurfti innlögn. Kleifarvegsheimilið er afsprengi af þessum fyrirætlunum.

HEFUR EKKI GENGIÐ Á ÝMSU MEÐ REKSTUR KLEIFARVEGS-HEIMILISINS?

- Kleifarvegsheimilið var gefið sem heimili fyrir taugaveikluð börn á aldrinum 6-12 ára. Nokkrum sinnum hafa verið uppi áform um að ríkið yfirtaki heimilið og það heyri þá undir Barnageðdeild. Við í Barnaverndarfélagi Reykjavíkur höfum streist á móti þessu. Í fyrsta lagi vegna þess að heimilið var gjöf til borgarinnar. Og í öðru lagi að heimilið átti að sinna uppeldisfræðilegri leiðbeiningu en ekki að sinna læknisfræðilegum vandamálum. Við vildum ekki að heimilið kæmist undir læknisfræðilega apparatið. Sömu hugmyndir bjuggu að baki stofnun Unglingaheimilis ríkisins. Áður hafði verið starfrækt svonefnt upptökuheimili, sem var í rauninni lögregluvistun eða fangelsi fyrir afbrotaunglinga. Í stað þessa var sett á stofn meðferðarheimili fyrir unglunga 1974. Heimilið hefur frá upphafi heyrt undir menntamálaráðuneytið. Ég sat sem formaður í stjórnarnefnd Unglingaheimilisins frá stofnun þess til 1981. Mér fannst aldrei takast að byggja starfsemi þess upp eins og ég vildi. Stjórnarnefndin fékk ekki að leggja upp meðferðarlínur. Það voru lýðræðishugmyndir á lofti sem gengu út á að starfsfólkið mótaði sjálfstefnuna.

ÞÚ TÓKST VIÐ PRÓFESSORSSTARFI ÁRIÐ 1971. ERU NEMENDUR ÖÐRU VÍSI Í DAG EN ÞEGAR VIÐ VORUM AÐ LÆRA FYRIR 10 ÁRUM SÍÐAN?

- Á þeim árum kenndi ég meira og hafði persónulegra samband við nemendurna. Þá var áhugi nemendanna theoretískari og pólitískari. Þið voruð kannski full upptekin af pólitísku hliðinni og spurðu óþægilega mikið um það. Oft gleymdist kennslan vegna umræðna. Mér finnst nemendur í dag passívari og áhugi á aðferðafræði og tölfræði er meiri. Þetta er að sjálfsögðu æskilegt að vissu marki, en getur gengið of langt. Hugsuð ykkur rithöfund sem hefði fyrst og fremst áhuga á ritvelinni sinni.

HVERT TELUR ÞÚ ÆSKILEGT MARKMIÐ Í SÁLFRÆÐIKENNSLU VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS Í DAG?

- Þegar sálfræðideildin tók til starfa taldi ég mikilvægt að leggja áherslu á almenna sálfræðilega þekkingu og empírísk vinnubrögð. Sérhæfingin ætti síðan að koma í seinni hluta námsins. Það hefur þó komið í ljós að það er allur gangur á því hversu mikil sérhæfingin er á seinni hlutanum. Annars vegar höfum við breiða og almenna menntun eins og á Norðurlöndunum og hins vegar mjög mikla og jafnvel þrönga sérhæfingu. Í dag tel ég mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að við erum að leggja grundvöll að mótun starfsstettar, - ekki bara að kenna hrein vísindi. Þess vegna er mikilvægt að kynna nemendum sem flestar stefnur, tengja deildina við þá sem eru starfandi sálfræðingar og loks er varasamt ef kennaraliðið hefur enga reynslu af praktískum störfum. Þess vegna hef ég lagt áherslu á það að starfandi sálfræðingar komi inn í deildina til kennslu.

FINNST ÞÉR ÆSKILEGT AÐ SÁLFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS HAFI AFSKIPTI AF KENNSLUNNI Í DEILDINNI?

- Mér finnst mjög æskilegt að Sálfræðingafélagið og kennarar ræðist við um markmið námsins með tilliti til þess að verið er að mennta starfsstétt, - tilvonandi kollega ykkar. En þetta yrði að vera algerlega án skuldbindingar af hálfu sálfræðideildarinnar. Háskólinn á að ákveða námsefnið, en sjálfsagt er að leita umsagnar og ráðgjafar. En hingað til hafa sálfræðingar ekki komið nálægt þessum málum. Einn þattur í þessu samstarfi gæti verið í tengslum við eftirmenntun sálfræðinga.

GETURÐU SAGT OKKUR Í STUTTU MÁLI FRÁ ÞEIM RANNSÓKNUM SEM ÞÚ LEGGUR STUND Á Í DAG?

- Það má segja að það séu fjórar rannsóknir í gangi núna. Í fyrsta lagi er það langtímarannsókn sem mjög margir hafa komið nærri og þegar hefur birst mikið á prenti um. Aðaláherslan hefur verið á að athuga forspárgildi geðræna erfiðleika í bernsku. Rannsóknin hefur staðið yfir í tuttugu ár og í ljós hefur komið að einstaklingum með geðræna erfiðleika í bernsku hefur farnast betur en við þjuggumst við í upphafi. Hins vegar virðast unglingsárin afdrifaríkari og við þurfum að huga meira að þeim. Í öðru lagi vinn ég að langtímarannsókn með prófessor Þórólfi Þórlindssyni á einstaklingum sem voru rannsakaðir 1962, þá fimmtán ára gamlir. Í þriðja lagi vinn ég að rannsókn með dr. Wolfgang Edelstein. Þetta er langtímarann-

sókn á alhliða þroska barna. Og í fjórða lagi er stórt og spennandi verkefni að fara í gang. Það er samnorrænt verkefni sem ber yfirskriftina: "Uppvaxtarskilyrði barna að sex ára aldri í breytingasamfélagi". - Auk mín munu prófessor Þórólfur Þórlindsson og Baldur Kristjánsson sálfræðingur starfa að rannsókninni. Minn draumur er að hægt verði að setja saman yfirgripsmikinn texta byggðan á þessum rannsóknum og rannsóknum annarra um sálfræðilegar og félagslegar hliðar á uppvaxtarskilyrðum barna á Íslandi. Það er mjög mikilvægt að slíkt rit nái til fleiri en fagfólks. Það er ekki óraunhæft að þetta verði hægt eftir sex til átta ár.

AÐ LOKUM SIGURJÓN: FINNST ÞÉR RÍKJA FORDÓMAR OG SKILNINGSLEYSI Á STÖRFUM SÁLFRÆÐINGA ?

- Ég upplifði aldrei annað en velvild almennings í garð Geðverndardeildarinnar. Aðsókn var gífurleg og fór vaxandi. Hins vegar voru fordómar ríkjandi gagnvart geðrænum vandamálum, en ég tel að þar hafi orðið jákvæð breyting á. Viðhorf til þroskaheftra og geðsjúkra hefur breyst og er það m. a. því að þakka að þessir hópar eru ekki lengur lokaðir af á stofnunum eða úti á landi. En samt eigum við langt í land með að verða "umburðarlynt" þjóðfélag. Það er bág til þess að vita að skjólstæðingar okkar njóta ekki sama réttar og skjólstæðingar annarra í heilbrigðiskerfinu. Varðandi viðhorfið gagnvart sálfræðingum þá þarf ég ekki persónulega að kvarta, hef alltaf notið þess trausts sem ég á skilið og jafnvel meira til. Auðvitað veit maður aldrei hvað er talað um mann úti í bæ, - fréttir það líklega síðastur. Hins vegar er þess að gæta að áður fyrr voru sálfræðingar ákaflega sýnilegir, þannig skilið að þeir voru fáir og ótulli við að láta skoðanir sínar í ljós um almenn málefni. Þess vegna voru persónuleikar þessarra fáu manna yfirfærðir á alla stéttina. Eftir að sálfræðingum fjölgar verður þetta að sjálfsögðu erfiðara.